


Námskrá Krílakots

3 ára börn



Námskrá Krílakots

Krílakot er heilsueflandi leikskóli sem leggur áherslu á málrækt, sköpun, umhverfisvernd og útikennslu í daglegu starfi. Námskrá Krílakots byggir á Aðalnámskrá leikskóla og inn í hana fléttast námsviðin; læsi, heilbrigði og velliðan, lýðræði og mannréttindi, jafnrétti, sjálfbærni og sköpun. Stefna Krílakots er að börnin tileinkti sér þessa þætti í gegnum allt nám leikskólans.

Nám barnanna í Krílakoti byggist á að efla alhliða þroska, færni til samskipta og virðingu fyrir sjálfum sér og öðrum ásamt umhverfi okkar. Gleði og velliðan barnanna eru grunnþáttur í starfi leikskólans þar sem leitast er við að bjóða upp á næg tækifæri til hreyffingar, útiveru, leiks, samskipta og sköpunar í leik og starfi.

Í leikskólanum er unnið eftir upphbyggingarstefnunni auk þess sem leikskólinn er Grænfánaskóli. Í málrækt er unnið með námsefnið Lubba og Orðaleik.

Námsleiðir leikskólans eru fjölbreyttar en leikurinn er ávallt aðalnámsleiðin og sú sem lögð er mest áhersla á. Í gegnum leikinn öðlast börn reynslu, auka við þekkingu sína, læra að eiga samskipi hvert við annað og ráða fram úr ágreiningsefnum sem upp koma í barnahópnum.

Lögð áhersla á að kennrarar í Krílakoti horfi á námsþarfir barna, styrkleika og leitist við að finna leiðir sem virka fyrir hvern og einn einstakling. Við teljum mikilvægt að allir fái að vera með og upplifi sig sem hluta af skólasamfélagit. Í Krílakoti er haft að leiðarljósi að öll börn óháð getu, kyni, tungumáli og þjóðerni séu jafn réttlá og fái sömu tækifæri í leikskólanum.

Uppbyggingarstefnan

Uppeldi til ábyrgðar - uppbygging sjálfsaga er hugmyndafræði sem miðar að því að ýta undir ábyrgðarkennd og sjálfstjórn barna og unglings og þjálfu þau í að ræða um tilfinningar og átta sig á þörfum sínum. Aðferðin er kennd við Diane Gossen frá Kanada, en hún hefur þróað aðferðina og kennt hana víða um heim.

Markmið:

- Að rækta og efla sinn innri áhuga
- Að bera ábyrgð á eigin námi
- Að læra leiðir til að hafa stjórn á eigin hegðun
- Að sinna þörfum sínum af ábyrgð gagnvart sjálfum sér og öðrum
- Að bera ábyrgð á eigin mistökum, leiðréttu þau og bæta fyrir þau
- Að börnin séu þau sjálf - þær manneskjur sem þau vilja vera

Viðmið:

- Að börnin þekki tilgang og geti notað litakarlana til að stjórna hegðun sinni
- Að börnin þekki og kunni reglurnar, göngum inni í röð með stél, nota innirödd, hafa hendur og fætur hjá sér, kennarastóll er fyrir kennara, allir er jafnir óháð stöðu, þjóðerni, kyni og aldri
- Að tala á uppbyggilegan hátt við börnin
- Að börnin þekki og fari eftir reglum deildarsáttmálans
- Að börnin þekki og geti nýtt sér sáttaleiðina þegar upp koma árekstrar

Mat:

- Matslisti samkvæmt uppbyggingarstefnunni

Áhersluatriði í uppbyggingarstefnunni


Það sem Uppbyggingarstefnan leitast við að ná fram hjá einstaklingum er:

- Að efla ábyrgðarkennd
- Að efla sjálfstjórn
- Að læra að tala um tilfinningar
- Að geta átt að sig á þörfum sínum
- Að læra af mistökum sínum

Kennsluskipulag

Uppeldi til ábyrgðar er hluti af daglegu starfi okkar í leikskólanum. Farið er yfir þarfirnar skipulega í hópastarfi yfir veturninn. Hver deild gerir sáttmála þar sem reglur deildarinnar eru ákveðnar af kennurum og barnahópnum. Þessar reglur eru svo samþykktar af öllum á deildinni. Allir starfsmenn fá reglurnar og lita karlana á hálsbandi til að nota í starfi.

Uppbyggingarstefnan í Krílakoti



Leiðir að markmiðum á Mánakoti

Uppeldi til ábyrgðar	Lífsleikni	Jafnrétti/lýðræði	Læsi
Kenna börnunum reglur leikskólans.	Gefa börnunum góðan tíma til að leika sér.	Efla skilning barna á að allir fái frelsi til að vera þeir sjálfir.	Kenna börnunum helstu umferðareglur og umferðarmerki
Notast við litakarlana grænan, gulan og Rauðan.	Veita börnunum tækifæri til að tjá sig.	Kenna börnum að setja sig í spor annarra, lesa í tilfinningar og bera virðingu fyrir náunganum.	Efla þekkingu barnanna á nærumhverfi leikskólans.
Kenna börnunum að tala á uppbyggjandi hátt..	Kenna börnunum sjálfshjálp í fataklefa t.d. klæða sig í flest en fá aðstoð við sumt, þvo hendur, ganga frá eftir leik, lera að nota hníf, ganga frá eftir matinn.	Efla ákvárdanaröku barnanna með því að veita þeim tækifæri til að velja sér viðfangsefni, hvar þau vilja leika sér, með hverjum og með hvaða leikföng.	Virkja útikennslu, stuttar gönguferðir.
Börnin læri lausnamiðlun í gegnum sáttarleiðina.	Leggja áherslu á góð samskipti.	Ræða saman í hópastarfi, allir fái tækifæri til að tjá sig og hlusta á aðra.	Forvarnarkennsla með börnunum (jarðskjálfти, eldur o.fl.).
Útbúin sé deildarsáttmáli með börnunum.	Vinna með deildarsáttmála .	Börnin fái tækifæri til að skapa á eigin forsendum (tökum ekki fram yfir hendur þeirra, þau skapa sjálf t.d. perla, mála, klippa o.fl.).	Fara í heimsókn á bókasafn
			Kynnast öðrum deildum Krílakots.

Málrækt

Málrækt er samofin daglegu starfi í leikskólanum en einnig er unnið með ýmis verkefni sem miða að því að auka skilning og hæfni barna til að tjá sig og koma hugmyndum sínum á framfæri.

Í Krílakoti er fjöldi barna sem tala fleiri en eitt tungumál og hafa annað móðurmál en íslensku. Öll börn sem eiga sér annað móðurmál en íslensku fara í málörvunartíma og er fylgst vel með málþroska þeirra sem og allra barna í leikskólanum. Við erum að vinna verkefni sem heitir LAP sem miðar að því að efla málþroska og tungumálakunnáttu barnanna. Tungumál barnanna eru sýnileg og blandast inn í verkefnavinnu í samvinnu við foreldra að erlendum uppruna.

Markmið málræktar eru:

Að gefa börnum tækifæri á að kynnast tungumálinu og möguleikum þess á fjölbreytilegan hátt í leik og starfi.

Markmið:

- Að efla orðaforða
- Að efla skilning
- Að efla tjáningu
- Að efla hljóðkerfisvitund

Viðmið:

- Að leggja inn nýjan staf og orð tengdu LUBBA í hverri viku
- Að öll börn fari í markvissa málörvun einu sinni í viku.
- Að lesið sé fyrir öll börn á deildinni daglega.
- Að öll börn taki þátt í samverustund daglega þar sem unnið með málið á fjölbreyttan hátt

Mat:

- Niðurstöður út TRAS og MIO


Námsleiðir:

Í daglegu starfi og leik gefast mörg tækifæri til að vinna með málið t.d. í gegnum umræður, hlutverkaleiki, samverustundir, borðvinnu, skipulagt starf og lestur. Í dagsins önn er unnið með orðaforða barna með því að setja orð á athafnir og hluti. Málræktin fléttast inn í allt starf leikskólans.

Kennsluskipulag:

Unnið er með málrækt í leikskólanum bæði í gegnum dagleg samskipti en einnig í samverustundum og skipulögðum tínum. Í hópastarfi og málörvunartínum fer fram markviss vinna með málið þar sem ákveðin verkefni eru tekin fyrir sem tengjast málrækt, staerðfræði og vísindum. Námið er miðað að aldri og þroska barna og mikið lagt upp úr að námið fari fram í gegnum leik. Daglega er lesið fyrir börnin í litlum og stórum hópum og kenndar vísur, þulur og sönglög.

Málrækt í Krílakoti



Leiðir að markmiðum á Mánakoti

Málrækt	Málsskilningur	Máltjáning	Hljóðkerfisvitund
Lesa og syngja með börnunum daglega. Sejja sögur án bóka.	Lesa bækur, útskýra erfið orð, ræða um innihald bókanna, spá fyrir um framhaldið. Skoða bókakápur og myndir í bókum. Markmiðið að geta hlustað á lestur í 10 mínútur.	Kenna börnunum að svara algengustu spurningum sem börn eru spurð að á þeirra aldri.	Klappa samistöfur í nöfnum og hlutum.
Vinna með Lubba. Allir á deildinni eigi sitt Lubbatákn. Kenna hreyffingu og lag. Senda Lubba heim til barnanna og fá þau til að sejja frá næsta dag hvernig gekk.	Vinna með örsögur.	Óbein leiðréttинг – herma eftir með réttri orðaröð og framburði.	Æfa hlustun, með lestri og leikjum.
Myndrænt dagskipulag alltafsýnilegt fyrir börnin Lífsandi myndir.	Kenna gulan, rauðan, bláan og grænan.	Kenna ég og þú.	Vinna með athyglis og minnisleikir.
Vinna með spil, myndir og málræktarefní sem til er í daglegu starfi.	Vinna með orðaforða. Taka sérstaklega fyrir orðaforða sem tengist tilfinningum, veðri, fjölskyldu, líkamshlutum og dýrum.	Lengja setningar barnanna með því að endurtaka það sem þau segja og bæta inn meiri upplýsingum.	Vinna með rím, byrja með bullrim og færa sig svo yfir í að ríma algeng orð. Sýna börnunum hvernig orð sem ríma enda á sömu hljóðum.
Myndrænn stuðningur við hegðun. (Litakarlarnir).	Kenna hugtök: eiginleikahugtök, staðsetningarhugtök, tímahugtök og andstæð hugtök.	Kenna börnunum samræðu, horfa í augu, hlusta og tala til skiptis. Segja sögur.	Læra vísur, þulur og sönglög.
Setja orð á hluti og allar athafnir.	Vinna með yfirhugtök og æfa börnin í að flokka eftir þeim.	Setja orð á hluti og athafnir.	Vinna með stafina í nafninu þeirra og hvaða hljóð þeir hafa.
	Vinna með vísur/þulur úr vísnabókum.	Vinna með tjáningu, t.d. hvað gerir þú ef, eða hvað gerir þú þegar...spurningum. Leita lausna.	
	Geta útskýrt t.d. hvað er glas - bók - bíll o.s.frv.	Sögugrunnurinn. Vinna með myndir og orð, búa til sögur. Setningamyndun.	
	Vinna með fleirtölu nafnorða, þátið sagna og spurnarorð.	Tónlist: Vinna með hrynjanda / takt.	
	Kenna heiti daga og mánaða.		


Vísindi



Leiðir að markmiðum á Mánakoti

Bernskulæsi	Stærðfræði	Vísindi
Gera ritmál sýnilegt.	Kenna hugtök sem lýsa leikföngum (t.d. mjúkir bangsar, rauður bíll). Læra hugtök sem tengjast staðsetningu (t.d yfir borðið, undir bekkinn).	Setja mismarga hluti eftir fyrirmælum í ákveðin ílát.
Veita börnum frjálsan aðgang að pappír og skriffrérum.	Barnið læri að sækja/taka þrájá hluti eftir gefnum fyrirmælum. Barnið geti sýnt fjölda hluta allt að þremur með réttum fjölda fingra. Barnið geti þekkt fjölda hluta allt að þremur án þess að telja.	Sækja réttan hlut t.d minnsta kubbinn, rauða kubbinn, stóra vettlinginn.
Gera bókum hátt undir höfni í starfinu og kenna þeim að umgangast og bera virðingu fyrir bókum.	Barnið geti talið allt að fimm hluti með því að benda á þá Barnið læri að skipta jafnt á milli sín og vinar síns.	Vinna með einingarí náttúrunni t.d telja tré, hús, bíla.
Lesa alls kyns efni fyrir börnin, kenna þeim að hægt er að lesa ritmál hvar sem það kemur fyrir.	Vinna með þrjú form Hringur, ferhyrningur, þríhyrningur, kross og X	Barnið læri að gera einfaldar tilraunir með vatn, snjó, sull, ljós, skugga og hrísgljón.
Börnin hafi myndrænt skipulag sýnilegt.	Barnið læri að finna út í hvaða röð á að klæða sig í föt.	
Vinna með spil, myndir og málræktarefnii sem til eru í leikskólanum.	Barnið geti þúslað 3-5 kubba þannig að úr verði mynd. Barnið geti farið á ákveðinn stað að beiðni kennara, (t.d. farðu í dúkkukrókinn).	
	Barnið geti haldið áfram með einfalt hreyfumynstur (t.d. klapp og hopp). Barnið læri að raða hlutum í röð eftir eiginleikum (t.d. stærð, lögun eða lit).	
	Barnið læri að notast við Numicon kubbana til að efla þau í stærðfræði	

Fjölmennинг í Krílakoti



Leiðir að markmiðum á Mánakoti

Jafnrétti og lýðræði	Læsi	Vellíðan	Menning
Frelsi til að vera maður sjálfur. Enginn er eins.	Bjóða upp á söng og pólskar samverustundir einu sinni í viku. Finna lög og texta á fleiri tungumálum.	Jákvæð dagleg samskipti.	Læra t.d. Meistari Jakob á tungumálum þeirra sem eru í barnahópnum hverju sinni og skoða þjóðfánana.
Vinna með einfaldar sögur sem fjalla um jafnrétti og mannréttindi.	Myndrænt dagskipulag sýnilegt fyrir börnin.	Læra að bera virðingu fyrir sjálfum sér og öðrum.	Fræða börnin um hefðir í hverju landi. (t.d. með aðstoð frá foreldrum).
Kenna börnunum að tjá skoðanir sínar án þess að særa aðra.	Myndrænn stuðningur við hegðun.	Kenna félagshæfni, leik og samskipti.	Fara í heimsókn t.d. á söfn, tónlistarskóla og Ímsar síningar.
Efla börnin sem einstaklinga, fá þau til að horfa á sig og aðra með jákvæðum augum.	Vinna með spil, myndir og málræktarefni af veggnum í daglegu starfi.	Efla sjálfstæði Einstaklingsins.	
Spjalla í hópastarfi. Gefa börnunum tækifæri til að tjá sig og kenna þeim að hlusta á aðra og bíða.	Vera vakandi fyrir að grípa hugmyndir barnanna og vinna með þær áfram.	Kenna börnunum að setja orð á tilfinningar og bregðast við þeim.	
Kenna börnunum að taka við hrósi og gefa hrós.	Fara í vettvangsferðir og skoða nánasta umhverfi.		
	Fara á bókasafn, fá einhvern til að lesa bækur á þeirra tungumáli, t.d. í samstarfi við foreldra.		
	Lesa og syngeja með börnunum daglega.		

Heilbrigði og vellíðan

Krílakot er heilsueflandi leikskóli. Í leikskólanum er heilsuefling höfð að leiðarljósi. Markmið með heilsueflandi leikskóla er að venja börn strax í barnæsku við heilbrigða lífshætti með það í huga að þeir verði hluti af lífsstíl þeirra til framtíðar. Lögð er áhersla á hreyfingu, fræðslu og að börnin fái hollan og næringarríkan mat úr sem flestum fæðuflokkum daglega.

Markmið heilsueflandi leikskóla er:

- Að stuðla að andlegri og líkamlegri heilsu og vellíðan barna
- Að stuðla að heilsueflingu með áherslu á næringu, hreyfingu og listsköpun í leik
- Að börnin öðlist félagslega vellíðan

Viðmið:

- Að öll börn fari í útivist einu sinni á dag
- Að öll börn fari í skipulagða hreyfistund einu sinni í viku
- Að boðið sér upp á ávexti daglega
- Að öll börn fari einu sinni í viku í útikennslu, lengd fer eftir aldri barnanna

Mat:

- Fylla út matslista í þroskaslistum


Námsleiðir:

Heilsueflandi leikskóli leggur sérstaka áherslu á að vinna með átta lykilþætti sem tengjast skólastarfínu. Þeir eru: hreyfing, mataræði, geðrækt, öruggi, tannheilsa, fjölskylda og nærsamfélag.

Kennsluskipulag:

Öll börnin fara daglega í útiveru og 2 elstu deildarnar fara í göngu/vettvangsferðir minnst einu sinni í viku. Hinrar 3 deildarnar fara í vettvangsferðir eins oft og kostur er. Vikulega fara börnin í hreyfistund í sal þar sem unnið er að ákvæðnum markmiðum. Í leikskólanum eru settar upp þrautabrautir, farið í hreyfileiki og íþróttir og sund. Fræðsla um hollt mataræði og heilbrigða lífshætti fer fram í daglegu starfi en einnig í gegnum verkefnavinnu og hópastarf. Unnið er að því að auka vitneskju barna um líkemann, styrkja sjálfsmýnd þeirra, stuðla að betri hreyfifærni og mikilvægi slökunar og hvíldar. Lögð er áhersla á jákvæð samskipti og að börn og kennararsýni hvert öðru umhyggju í leik og starfi. Einungis er lögð áhersla á að kenna börnumnum daglega umhirðu sem við kemur hreinlæti, matmálstínum og umgengni.

Heilsueflandi leikskóli og Grænfáni í Krílakoti



Leiðir að markmiðum á Mánakoti

Næring og sjálfshjálp	Hreyfing	Heilsa og vellíðan	Grænfáni
Hvetja börnin til að smakka allan mat.	Dagleg útivera	Tannverndanika einu sinni á ári	Vinna verkefni sem ákveðin eru að hausti
Bömin æfi sig að nota bæði hníf og gaffal.	Hreyfileikir í daglegu starfi.	Kenna børnunum að fara eftir reglum skólans.	Efla meðvitund þeirra um að endurvinna flokka og tína rusl.
Hvetja börnin til að smakka fjölbreyttan mat.	Markvissar gönguferðir að minnsta kosti einu sinni í viku sem reyna á þol, jafnvægi og styrk.	Auka líkamsvitund með fræðslu um heiti á líkamshlutum, skoða sig í spegli og skoða bækur um líkemann.	Efla meðvitund þeirra á hvar öll börnin á deildinni eiga heima í Dalvíkurbyggð.
Kenna børnunum að skammta sér hæfilega á diskana.	Farið sé í útikennslu einu sinni í viku.	Kenna børnunum um mikilvægi hreinlætis.	Endurvinna og sýna þeim hvað við flokkum og fá þau til að hugsa um það.
Æfa sig í að klæða sig í og úr útifötum og ganga frá útifötum í hólfid sitt (t.d. velja að þau æfi sig fyrst að fara í peysu og svo seinna bæta nýju við).			Nýta efnivið til fulls (ekki eyða óþarfa pappír og fl.).
			Ekki láta vatn renna að óþörfu (Skrúfa fyrir vatn þegar það er ekki í notkun).
			Stuðla að sparnaði í orkunýtingu (slökkva ljós í herbergi sem er ekki í notkun).

sköpun

Börn hafa mikla þörf fyrir að skapa. Sköpunargleðin og ímyndunaraflíð fá best að njóta sín í gegnum leik með fjölbreyttan efnivið. Sjálfst sköpunarferlið skiptir meira máli en útkoman þ.e.a.s. að fá að prófa sig áfram með efnivið, gera tilraunir og þjálfa upp færni á eigin forsendum. Sköpun getur farið fram í gegnum leik, umræður, hreyfingu, tónlist, leiklist, myndsköpun, dans o.s.fw.

Markmið:

- Að efla forvitni og sköpunargleði barna.
- Að ýta undir sjálfstraust og ímyndunarafl barna.

Viðmið:

- Að börnin þori að prúfa sig áfram með hin ýmsu efni sem í boði eru til sköpunar
- Að börnin prófi sig áfram í gegnum leik og skapi þannig sinn œvintýraheim.
- Að börnin taki daglega þátt í söngstund.

Mat:

- Fylla út í þroskalista.


Námsleiðir:

Sköpun er hluti af heilsustefnunni og stór þáttur í leikskólastarfínu. Í daglegu starfi er unnið með myndlist, tónlist og önnur listform eftir því sem við á. Lögð er áhersla á að börnin fái tækifæri til að prófa sig áfram, gera tilraunir, þjálfa upp færni og efla sjálfstraust. Leikurinn er skapandi námsleið, í gegnum hann geta börn prófað sig áfram og skapað œvintýraheima.

Kennsluskipulag:

Að minnsta kosti einu sinni í viku fara börnin í listasmiðju þar sem unnið er með fjölbreyttan efnivið á skapandi hátt. Í hópastarfi er unnið með sköpun á markvissan hátt þar sem börnin eru hvött til skapandi hugsunar og sjálfstæðra vinnubragða. Fastir liðir á hverjum vetri eru t.d. vinna með tónlist, jölagjafir handa foreldrum, listsköpun út frá þemum vetrarins og hugmyndaflugi barnanna. Stundum fæðast hugmyndir í dagsins önn sem unnið er með í leik og starfi. Í daglegu starfi hafa börnin aðgang að skriffrærum, skaerum, litum, pappír og öðrum efniviði sem þau geta notað við sköpun inni á deild.

sköpun í Krílakoti



Leiðir að markmiðum á Mánakoti

Sköpun	Myndsköpun	Tónlist	Menning
Gefa góðan tíma fyrir frjálsan leik.	Vinna verkefni úr fjölbreyttum efnivið og gefa þeim tækifæri til að skapa úr honum.	Söngstund daglega. Í söngstund er unnið með þulur, ljóð, rím og sönglög.	Vettvangsferðir um nærumhverfið.
Kenna grunnfærni í hlutverkaleik.	Börnin vinna fínhreyffingaverkefni (teikna og klippa).	Kynna hin ýmsu hljóðfæri fyrir börnumnum.	Fara á söfn sveitafélagsins.
		Börnin vinni með takt t.d. klappa nöfnin sín.	Ræða um mismunandi menningu.
		Börnin fái tækifæri til að prufa hljóðfærin sem til eru í leikskólanum.	Fræða börnin um íslenskar hefðir og venjur.
		Börnin fái tækifæri til að hlusta á mismunandi tegundir tónlistar.	
		Söngfundur á sal einu sinni í viku.	